

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1043/2007 frá 11. september 2007 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32007 R 1043**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1043/2007 frá 11. september 2007 (Stjtið. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1043/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 50.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.